

**Erindisbréf valnefndar umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni**  
viðauki I við samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni

*1. gr.*

*Skipan nefndar*

Sveitarfélög er aðild eiga að umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni, skipa fimm manna valnefnd er fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar sbr. 14. gr. bvl. nr. 80/2002 og 2. gr. samnings um umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni.

Sveitarfélögin skipa fimm fulltrúa í valnefnd og jafnmarga til vara, einn frá hverjum landsfjórðungi og sá fimmti frá umsýslusveitarfélagi hverju sinni. Nefndarmenn eru fulltrúar sinna sveitarfélaga og eru stjórnendur í barnavernd eða sviðsstjórar velferðarþjónustu. Skipun í valnefnd er því bundin embætti en ekki einstaklingum. Nefndin starfar í umboði sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga er aðild eiga að umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðinni.

*2. gr.*

*Starfshættir*

Skipunartími valnefndar er 16. september 2022 til og með 31. desember 2027. Valnefnd heldur hlutverki sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð.

Valnefnd kýs sér formann, varaformann og ritara. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast en valnefnd getur einnig ákveðið að allir varamenn sitji fundi ásamt aðalmönnum.

Valnefnd kemur saman minnst tvisvar sinnum á ári en heldur fundi eins og þurfa þykir.

Seta í valnefndinni er ólaunuð.

Fundargerðir valnefndar skulu vistaðar hjá því sveitarfélagi sem fer með umsýslu umdæmisráðsins hverju sinni skv. 7. gr. samningsins.

*3. gr.*

*Hlutverk og markmið*

Hlutverk valnefndar er að velja umdæmisráð barnaverndar á landsbyggðinni skv. 14. gr. bvl. nr. 80/2002 í umboði sveitarstjórna er að ráðinu standa. Valnefnd gefur út skipunarbréf til þeirra er valdir eru til setu í umdæmisráði.

Umdæmisráð skal skipað þremur ráðsmönnum, lögmanni sem er formaður ásamt félagsráðgjafa og sálfræðingi. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnavernd og þekkingu og færni til setu í ráðinu. Ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í umdæmi ráðsins. Skipunartími ráðsins er fimm ár frá 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2027. Umdæmisráð heldur hlutverki sínu þar til nýtt ráð hefur verið skipað.

*4. gr.*

*Nýskipun og mat á hæfi*

Ef ráðsmaður óskar lausnar eða er vikið úr ráðinu vegna framkomu hans eða skorts á almennu hæfi til setu í því, skipar valnefnd ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins. Komi upp vafi um hæfi skipaðs ráðsmeðlims, getur valnefnd kallað til sérfræðinga og matsaðila til vinnu að lausn málsins. Málsmeðferð fer þá skv. l. nr. 37/1993.

*5. gr.*

*Gildistaka*

Gildistaka erindisbréfs valnefndar umdæmisráðs á landsbyggðinni sem og umboð til skipunar á ráðsmeðlimum, tekur gildi með staðfestingu aðildarsveitarfélaga á samningi um sameiginlegt umdæmisráð á landsbyggð á rafrænu formi.